

Stjórnarfundur haldinn að Búgarði þriðjudaginn 6. desember 2011 klukkan 20:30

Mættir eru: Þorsteinn, Óskar Þór, Þorgerður, Jóhanna, Birkir, Kristín, Edda Kamilla
Boðuð forföll: Einar, Kristlaug

Óskar setti fundinn.

1. Önnur mál

Birkir sagði frá fundi sem hann átti með Ufa, tilgangur fundarins var að skoða sameiginlegar æfingar í frjálsum hjá umse og Ufa næsta sumar. Engu að síður halda félögin innan UMSE áfram æfingum í heimabyggð. Helstu kostir eru að krakkarnir fá m.a. fleiri æfingar, fjölbreyttari þjálfun, betri æfingatíma. Hugmyndin er að iðkenndur UMSE borgi Ufa 1½ æfingargjald til Ufa, einnig þurfa þau að borga eitthvað fyrir aðstöðuna. Hann sagði að fundurinn hafi verið nokkuð jákvæður. Þetta mál var rætt nokkuð og skoða þarf betur allan kostnaðinn fyrir umse og okkar iðkenndur.

Birkir fór af fundi 21:00

2. Afrekmannasjóður UMSE

Að þessu sinni bárust 9 umsóknir, ákveðið var að veita öllum styrk, umræða varð um hvort sjóðurinn væri fyrir afreksfólks innan UMSE eða afreksfólks á Eyjafjarðarsvæðinu. Hugmynd var um að ræða þetta frekar á næsta UMSE þingi. Þeir sem sóttu um og fengu styrk voru:

a) Bergþóra Heiðbjört Bergþórsdóttir , íshokki	20,000
b) Linda Brá Sveinsdóttir, íshokki	20,000
c) Hrund Thorlacius, íshokki	20,000
d) Jakob Helgi Bjarnason, skíði	50,000
e) Unnar Már Sveinbjarnarson, skíði	50,000
f) Stefanía Andersen Aradóttir, frjálssar	50,000
g) Júlíana Björk Gunnarsdóttir, frjálssar	50,000
h) Guðmundur Smári Daníelsson, frjálssar	50,000
i) Sveinborg Katla Daníelsdóttir	50,000

3. Formannafundur UMSE

Þorsteinn kom með þá tillögu að halda fundinn á Dalvík 26. Janúar 2012, kl. 20:00 og var það samþykkt. Mikilvægt er að fara vel yfir úthlutun á Lottótekjum á þessum fundi og brýna þarf fyrir félögum að yfirfara félagatalið hjá sér reglulega. Best væri ef þjálfarar gætu nýtt sér meira Felix en nú er gert.

Stjórnin þarf að skoða úthlutun á Lottótekjum og koma jafnvel með hugmyndir á næsta fundi. Einnig þarf að skoða lög UMSE með tillit til ÍSÍ, þetta er gott að skoða fyrir formannafundinn og setja þá nefnd í málið.

4. Þorsteinn kom með hugmynd um að halda Ársþing UMSE að Árskógi, 24. Mars 2012 og var það samþykkt.

5. Fyrirhugað er að gefa fréttabréf UMSE út á milli jóla og nýárs.

6. Önnur mál

- a) Samningur við Ara H. Jósavínsson, búið var að gera samningsdrög, Þorsteinn fékk umboð hjá stjórn til þess að klára samninginn.
- b) Samningur við Bústólpa er í höfn sem hljóðar upp á rúma ½ milljón á ári.
- c) bréf barst frá UMFÍ um þær tillögur sem teknar voru fyrir á UMFÍ þinginu.
- d) Þorsteinn fór á formanna- og framkvæmdarstjórnarfund ÍSÍ, hann taldi þetta hafa verið góður fundur og fékk hann kynningu á hinu og þessu sem ÍSÍ er að vinna að. 😊
- e) Þorsteinn átti samtalið við Hauk Valtýrsson en hann var kosinn í stjórn UMFÍ á síðasta þingi. Hann var að athuga hvort til væri fólk innan raða UMSE sem hefði áhuga á að starfa í nefndum innan UMFÍ.
- f) Ákveðið var að senda ekki jólakort að þessu sinni, styrkja í staðinn gott málefni. Valið var að styrkja Aflið.

Fundi slitið kl. 22:00.

Þorgerður Guðmundsdóttir, ritaði á fundinum 😊

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður